



LANDBÚNAÐARHÁSKÓLINN Á HVANNEYRI  
Hvanneyri Agricultural University  
311 BORGARNES – ICELAND

*Alþingi*  
*Erindi nr. P/130/2263*  
*komudagur 30.4.2004*

Hvanneyri 28. apríl 2004.

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvörp til laga um breytingar á Lögum nr. 57/1999 og lögum nr. 65/1965

Háskólaráði Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri hafa borist til umsagnar frumvörp til laga um breytingu á búfræðslulögum nr. 57/1999 og lögum um rannsóknarstofnanir atvinnuveganna nr. 65/1965 þar sem gert er ráð fyrir að leggja niður Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Rannsóknarstofnun landbúnaðarins og stofna Landbúnaðarháskóla Íslands sem taki við verkefnum þessara stofnana og öllum eignum þeirra.

Háskólaráð lýsir því að það er hlynt þeirri skipulagsbreytingu sem boðuð er með frumvörpunum en leggur áherslu á að staðið verði við þær yfirlýsingar að hér sé aðeins um fyrstu skref að heildar endurskoðun á skipan fræðslu og rannsóknastofnana landbúnaðarins. Ráðið telur að í sameiningu Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins felist tækifæri til öflugra fræðastarfs fyrir landbúnað framtíðarinnar og að hún styrki fræðasvið landbúnaðarins í samkeppni við önnur fræðasvið hérlendis sem ytra.

Háskólaráð Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvörpin.


- Tilnefning háskólaráðsins, þar sem hvorki nemendur né starfsmenn háskólans eiga fulltrúa í háskólaráði, er ekki í samsræmi við háskólalög og á sér ekki hliðstæðu innan ríkisháskóla hérlendis,
- Með hliðsjón af þeim fjölþættu atvinnutækifærum sem landbúnaðarmenntunin býður í dag þarf að endurskoða hverjir tilnefni fulltrúa stéttarinnar – fulltrúar stéttarinnar ættu að vera tveir.
- Háskólaráð telur að ráðherra beri að leita álits háskólaráðs um skipan rektors eins og gert er ráð fyrir í núgildandi lögum.
- Í ákvæði til bráðabirgða kemur fram „starfsmenn skulu boðin störf hjá LBHÍ“ en ætti að vera „boðin sambærileg störf...“

- Í 35. gr. laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er skilgreiningin of þröng miðað við lög um búnaðarfræðslu.
- Í breytingum í nokkrum lagabálkum, s.s lögum 63/1989 um Hagþjónustu kemur fram að 6 tl. 2. gr laga eigi að hljóða svo: Að hafa samstarf við búvísindadeild Landbúnaðarháskóla Íslands um kennslu í landbúnaðarhagfræði. Búvísindadeildi hefur ekki verið til frá árinu 1999!

Það er ósk háskólaráðs að tillit verði tekið til þessara óska um breytingar á frumvörpunum.

Virðingarfyllt,

f.h. háskólaráðs LBH

  
Magnús B. Jónsson  
rektor